

Útvistunarstefna Félagsbústaða

Stefna þessi fjallar um útvistun tiltekinna verkefna og þátta í upplýsingatæknikerfi Félagsbústaða og helstu forsendur og sjónarmið sem leggja á til grundvallar.

Heimilt er að útvista verkefnum eða verkþáttum sem hafa rekstrarlegt hagræði í för með sér og að fyrir liggi mat um að ytri aðilar hafi betri sérþekkingu og getu til að sinna þeim.

Verkefnin sem á að útvista ber að skilgreina með skýrum hætti.

Áður en samið eru um útvistun ber að meta úthýsingaraðila með tilliti til öryggis, gæða, ábyrgs og trausts rekstrar.

Við útvistun verkefna skal í samningi tryggja að kröfur og þarfir Félagsbústaða komi skýrt fram og að hagsmunir félagsins séu tryggðir á meðan á þjónustusamningi stendur. Í samningi skal jafnframt kveðið á um þagnarskyldu, takmarkanir á keðjuútvistun, varðveislu gagna og reglulega endurskoðun samnings.

Samþykkt á stjórnarfundum Félagsbústaða 28. maí 2020